

26. september 2022

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

VARÐAR: Framhald efnistöku í Almannaskarði

Litlahorn ehf (kt. 510872-0299) hefur falið okkur að tilkynna áform um fyrirhugað framhald efnistöku úr námu félagsins norðan við gamla veginn yfir Almannaskarð að vestanverðu. Þarna hafa á s.l. 25 árum verið unnir 8–10 þúsund rúmmetrar á ári og heildarmagn efnis sem þegar hefur verið unnið úr námunni er því af stærðargráðunni 200–250 þúsund rúmmetrar. Efnið hefur verið nýtt á margvíslegan hátt við mannvirkjagerð á Hornafjarðarsvæðinu, en einkum sem fyllingarefni við húsbyggingar og vegagerð.



Mynd 1. Náman í Almannaskarði fyrir miðri mynd í desember 2021. Hún er ekki mjög áberandi úr fjarlægð og með því að taka niður útkanta námunnar má draga verulega úr sjónrænum áhrifum hennar.




Mynd 2. Náman í Almannaskarði 6. apríl 2022. Myndin er tekin af afleggjaranum að Horni og Stokksnesi. Eins og sjá má gættir áhrifa vinnslunnar upp að neðri brún klettabeltisins, þar sem efnið þaðan skriður niður í námuna þegar skriðhorn efnisins nær ákveðnum mörkum.


Gert er ráð fyrir að á næstu árum verði umfang vinnslunnar svipað og undanfarin ár, þannig að á næstu 20–25 árum gæti vinnsla orðið svipuð að umfangi og verið hefur og framkvæmdin falli því undir lið B í lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda, sem heimila allt að 500.000 m³ efnistöku á svæði sem er allt að 25 ha að flatarmáli. Þó er framkvæmd tilkynningarskyld, sé vinnslusvæði stærra en 2,5 ha

og fyrirhuguð vinnsla yfir 50.000 m³. Undir þeim mörkum fellur framkvæmdin undir lið C í lögum nr. 111/2021.

Landið sem um ræðir er í landi Horns, sem er að öllu leyti í eigu framkvæðaraðila og eiganda Litlahorns ehf. Svæðið sem þegar hefur verið raskað er um 30.000 m² (3 ha) að stærð og nær úr 40–60 m hæð af veginum um Almannaskarð og upp að klettabrún í tæplega 300 m hæð þar sem hæst er (mynd 1). Ofan við ca. 220 m var ekki áberandi sár í skriðuna árið 2002 (mynd 3), en það hefur verið að stækka frá þeim tíma við það að náman hefur dýpkað, enda virðist efnisvinnsla s.l. 20 ára verið á nánast sama svæði og hún var fram að því, eins og sjá má sé mynd 4 borin saman við mynd 3.



Mynd 3. Náman ofan við veginn um Almannaskarð og fyrirhuguð tilhögun. Rauðu línurnar sýna mælingar á virku vinnslusvæði frá í desember 2021. Svartar línur sýna hugsanleg ytri mörk fyrir útvíkkun vinnslunnar næstu 20 árin. Myndin var tekin árið 2002.



Mynd 4. Mynd frá árinu 2021 af námunni í Almannaskarði. Inn á myndina hafa verið settar sömu útlínur fyrir framhald vinnslu og sýnd eru á mynd 3. Athyglisvert er hvað námusvæðið hefur lítið stækka á s.l. 20 árum.

Svæðið sem fyrirhugað er að vinna á næstu árum mun stækka áhrifasvæði í skriðunni úr um 25.000 m² í 75.000 m² (mynd 3 og mynd 4). Þá er gert ráð fyrir að vinnslan verði að hámarki 20.000 m³ á ári næstu 20 árin.

Í áætlun sem Björgvin Óskar Sigurjónsson, verkfræðingur hjá Verkfangi ehf, vann, reiknaði hann út að unnið hafi verið á bilinu 185.000–225.000 m³ af efni úr skriðunni. Sú áætlun var gerð í september árið 2020, en þá hafði efni verið tekið af þessu svæði í nærfellt 30 ár og vinnslan því um 7.500 m³/ári að meðaltali.

Innra vinnslusvæðið, sem afmarkað er á mynd 3 er 21.000 m² (2,1 ha) að flatarmáli og er það svæði sem unnið hafði verið fram til ársins 2002, þegar myndin var tekin. Þá hafði vinnsla staðið í 20 ár, eða frá árinu 1981. Hversu djúp náman var orðin á þessum tíma er óvíst, en miðað við 7.500 m³ vinnslu á ári að meðaltali gætu hafa verið teknir þarna um 150.000 m³ á þessum fyrstu tuttugu árum vinnslunnar. Meðaldýpi áhrifasvæðis vinnslunnar hefur þá verið um 7 m og því líklegt að einungis hafi verið búið að vinna 15–20 m inn í námuna við fót hennar. Á síðustu 20 árum hefur verið unnið lengra inn í skriðufótinn og dýpi námunnar er nú um 40 m þar sem hún er dýpst og meðaldýpi yfir áhrifasvæðið í skriðunni gæti verið 10–11 m.

Lýsing framkvæmdar

Í þessum kafla er að finna lýsingu á fyrirhugaðri framkvæmd í heild sinni, umfangi hennar og helstu framkvæmda- og rekstrarþáttum, þar með talið niðurrifi mannvirkja eftir því sem við á, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Framkvæmdin felst í efnisvinnslu úr skriðu ofan við gamla veginn yfir Almannaskarð. Náman hefur verið unnin um 40 m inn í skriðuna frá innri brún vegar og efnið ofan við hefur síðan skriðið niður á stallinn sem grafinn er inn í skriðuna. Miðað við að þarna hafi verið unnir um 225.000 m³ á svæði sem er um 21.000 m³ er meðalvinnsludýpi inn í skriðuna því um 11 m frá innri vegbrún og upp í um 220 m y.s. Þar fyrir ofan er sárið óverulegt.

Efninu er mokað á bíla með gröfum og/eða hjólaskóflum og flutt af svæðinu á vörubílum með eða án aftanívagns. Sé gert ráð fyrir að hver bíll beri að meðaltali um 20 tonn af efni og að rúmþyngd ámokaðs efnis sé um 2 tonn/m³ eru farnar um 500 ferðir með efni af svæðinu á ári, eða að meðaltali um 2 ferðir hvern virkan dag að meðaltali yfir árið. Sé efnið flutt á vörubílum sem bera 10 tonn verða ferðirnar helmingi fleiri, eða 1000 á ári og um 4 ferðir á daga að meðaltali yfir árið og að sama skapi færri sé efnið flutt með vörubílum með aftanívagn sem bera um 30 tonn.

Nú er gert ráð fyrir að vinnsla næstu 20 ára gæti orðið allt að 20.000 m³ á ári sum árin og að heildarvinnsla næstu 20 ára gæti orðið allt að 400.000 m³ verði aukin eftirspurn eftir fyllingar og vegagerðarefni á svæðinu. Miðað við sömu forsendur og áður og miðað við að meðal vinnsluþykkt verði áfram um 11 m, þá fengjust af því ytra svæði sem sýnt er á mynd 2 um 330.000 m³ af efni. Til að ná af svæðinu 400.000 m³ þyrfti meðaldýpt námunnar því að verða 13 m í stað 11 m áður.

Þeir sem aka efninu sjá sjálfir um að moka því á bílana og hafa því tiltölulega stuttan stans á svæðinu. Því hefur ekki verið sett upp nein aðstaða fyrir þá á svæðinu og ekki er gert ráð fyrir að svo verði í framtíðinni.

Við frágang á svæðinu er reiknað með að kantar námunnar verði jafnaðir í fláa líkt og gert hefur verið í námunni við Krosshraun í landi Dynjanda (mynd 5).



Mynd 5. Náman í Krosshrauni við Dynjanda í apríl 2022. Vesturkantur námunnar hefur verið jafnaður niður og er því lítt áberandi.




Mynd 6. Horft til austurs í átt að námunni í Krosshrauni. Mikil litabrigði eru í skriðunni sem auðveldar frágang námu að því leyti að mislit skriðan stingur síður í augun.

Uppdráttur af framkvæmdasvæði

Mynd 7 hér að neðan er með hnitsettum útlínum sem sýna staðsetningu fyrirhugaðrar framkvæmdar.

Staðsetning framkvæmdasvæðis er sýnd með ör á aðalskipulagsuppdrætti (mynd 8) sem finna má slóðinni <https://www.map.is/hofn/>. Engin mannvirki eru til staðar né eru fyrirhuguð á framkvæmdasvæðinu.


Hnitsettan uppdrátt má finna í fylgiskjali í Fylgiskjali A og tilvísun í aðalskipulag í Fylgiskjali B.



Mynd 7. Framkvæmdasvæðið við Almanskard. Svæði A er það svæði sem þegar hefur verið raskað og svæði B það svæði sem fyrirhuguð vinnsla mun að líkindum raska. Stærð svæðis B er í raun 5 ha því það innifelur svæði A sem þegar er raskað.

Gildandi skipulag

Á uppdrætti í Viðauka B má finna upplýsingar um hvernig fyrirhuguð framkvæmd fellur að gildandi skipulagsáætlunum. Sýnd er staðsetning námunnar og þeirra staða í nágrenninu sem hafa sérstakt verndargildi eða aðra sérstöðu.



Mynd 8. Skipulagsuppdráttur af svæðinu næst Almanskardi og Höfn (<https://www.map.is/hofn/>). Staðsetning námunnar í Almanskardi er sýnd með ör.

Áningarstaður er efst í Almannaskarði. Þaðan er víðsýnt og útsýni gott. Náman norðan við veginn í Almannaskarði er í sjónlínu frá útsýnisstaðnum og því verður lögð áhersla á snyrtimennsku á vinnslutíma námunnar.

Skarðsfjörður er nr. 629 á náttúruminjaskrá og telur fjörur, grunnsævi, eyjar og sker í Skarðsfirði öllum, ásamt Álaugarey. Þarna eru lífauðugar leirur og grunnsævi með miklu fuglalífi. Auk þess er Álaugarey jarðfræðilega sérstæð. Til þessa svæðis telst einnig Hornafjarðarós og Austurfjörur, ásamt grunnsævi, frá ósnum að Stokksnesi. Samkvæmt vef Náttúrufræðistofnunar, er Skarðsfjörður „mjög mikilvægur á fartíma og fara þar væntanlega um tugþúsundir fugla. Jaðrakan (1.010 fuglar) nær alþjóðlegum verndarviðmiðum og hugsanlega fleiri tegundir. Um 7.000 tjaldar hafa sést þar samtímis, hátt í 10.000 lóuprælar, yfir 2.000 sandlóur og 1.000 stelkar. Æðarfuglar í fjaðrafelli ná einnig alþjóðlegum viðmiðum (um 30.000 fuglar) sem og sendlingur að vetri til (1.000 fuglar).

Skarðsfjörður er á náttúruminjaskrá og IBA-skrá. Ósland við Höfn var friðlýst sem fólkvangur árið 1982.

Staðháttalýsing

Í þessum kafla er að finna lýsingu á staðháttum, landslagi, gróðurfari og landnotkun, hvort fyrirhugað framkvæmdasvæði er á eða nærri verndarsvæðum og lýsingu á þáttum í umhverfinu sem líklegt er að verði umtalsvert fyrir áhrifum af framkvæmdinni, sbr. 2. og 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021,



Mynd 9. Námusvæðið í Almannaskarði þann 6. apríl 2022. Talsverðu grjóti og grófara efni hefur verið sturtað eða ýtt fram af gamla veginum á móts við námuna. Æskilegt væri ef hægt væri að nýta það til mölunar eða í rofvarnir og grjóthleðslur.



Mynd 10. Horft í átt að námusvæðinu í Almannaskarði frá útsýnissvæði efst í Skarðinu. Með því að lækka vesturkant námunnar með fláa má draga verulega úr sjónrænum áhrifum vinnslunnar. Ofan við vegriðið hægra megin á myndinni má sjá ljósa granófýr lagganga, sem teljast jarðfræðilega áhugaverðir.

Náman liggur utan í brattri hlíð, sem er skriða með um 30° halla frá láréttu (mynd 10), ofan við gamla veginn um Almannaskarð. Því svæði hefur þegar verið raskað með vegagerð og efnistöku, auk þess sem stærri steinum og efni sem ekki hefur verið nýtt hefur verið ýtt fram af gamla veginum (mynd 9). Áhrif efnistökkunnar eru mest neðan til í námunni en auk þess skriður efnið ofan við efnistökusvæðið niður í við það að bratti skriðunnar ofan við efnistökusvæðið eykst svo áhrifanna gætir upp að klettabeltinu í um 300 m hæð y.s. (mynd 9)

Helstu umhverfisáhrif framkvæmdar

Helstu áhrif framkvæmdarinnar eru sjónræn vegna þess að við efnistöku er grafið 40–50 m inn í skriðufótinn ofan við gamla veginn yfir Almannaskarð, sem liggur þarna í 40–60 m hæð y.s. Þetta hefur þau áhrif að efnið ofan við veginn skriður niður og sá hluti skriðunnar sem er á hreyfingu stingur í stúf við þann hlutann sem hreyfist minna. Þar sem skriðan er brött, er reyndar hún öll á hægri hreyfingu og því lítt gróin, nema á stöku stað þar sem efni staðnæmist nægilega lengi rétt ofan við veginn þannig að gróður festir rætur. Vestan við núverandi efnistökusvæði námunnar er t.d. lítil gróðurtorfa sem mun verða raskað, og hæpið að hægt verði að varðveita hana eða koma henni fyrir á nýjum stað, enda talið að hún hafi lítið verndargildi. Ekki verður séð að efnisvinnslan hafi að öðru leyti áhrif á vatn, jarðveg eða líffræðilega fjölbreytni umhverfisins, sem getið er í 1. og 3.tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Fyrirliggjandi umsagnir og álit

Engar upplýsingar eru fyrirliggjandi varðandi umsagnir umsagnaraðila og annarra á þessu stigi, enda hefur enn ekki verið leitað til umsagnaraðila.

Fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir

Þær mótvægisáðgerðir sem fyrirhugaðar eru snúa einkum að því að draga úr sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar á verktíma með því að gengið verður snyrtilega um svæðið og að efnishaugar verði að mestu innan innri brún vegar, eftir því sem því verður við komið, þannig að veginum yfir Almannaskarð verði haldið opnum fyrir þá umferð sem þarf að nota veginn, auk þess sem gangandi vegfarendum, sem kjósa að ganga upp veginn stafi ekki hætta af framkvæmdinni. Fyrirhugað er að ganga frá efri kanti námunnar á næstu tveimur árum, þannig að hann falli sem best að umhverfinu með því að jafna hann niður líkt og gert hefur verið í námunni við Krosshraun í landi Dynjanda. Við lokafrágang námunnar verður neðri kanturinn jafnaður með sama hætti til að draga úr sjónrænum áhrifum vinnslunnar svo svæðið fái með tímanum svipaða ásýnd og aðrir hlutar skriðunnar. Hér má vísa til þess hvernig gengið var fá námunni norðan í Gæsa fjöllum við Þeistareyki árið 2011 og hvernig það sár sem varð til vinnslu þeirrar námu hefur á nokkrum árum náð að aðlagast öðrum hlutum skriðunnar. Myndir 11–14 tala sínu máli.



Mynd 11. Náman norðan í Bæjarfelli var enn í vinnslu árið 2011 (mynd Hreinn Hjartarson).



Mynd 12. Náman í Bæjarfelli eftir að búið var að jafna sárið í hlíðinni árið 2011.



Mynd 13. Náman norðan í Bæjarfelli við þeistareyki skömmu eftir frágang námunnar árið 2011.



Mynd 14. Náman í Bæjarfelli fullfrágengin árið 2019 (mynd Hreinn Hjartarson).

Að lokum

Efnið í skriðunni er blandað bæði að innri og ytri gerð, þ.e. bergið er af ýmsum gerðum basalts úr hraunlögum, berggöngum og minni innskotum, auk þess sem eitthvað er af bergi úr innskotsæðum úr granófýr og jafnvel ísúru bergi. Kornastærðir eru allt frá mélu upp í grjót sem náð getur 1–2 tonnum að stærð.

Efnið hefur verið nýtt á margvíslegan hátt við mannvirkjagerð á Hornafjarðarsvæðinu, en einkum sem fyllingarefni við húsbýggingar og vegagerð. Hver notkunin er ræðst af þeim framkvæmdum sem viðtakandi efnisins vinnur að hverju sinni.

Engin aðstaða er á staðnum fyrir bílstjóra flutningabíla efnisins, sem sjá sjálfir um ámokstur á bíla sína.

Virðingarfyllt,



Ómar Bjarki Smárason
jarðfræðingur

FYGLISKJÖL:

Fylgiskjal A: Hnitsett kort af framkvæmdasvæðinu í Almannaskarði (í viðhengi)

Fylgiskjal B: Aðalskipulag Hornafjarðar <https://www.map.is/hofn/>